

Alþingi
Erindi nr. P 135/66
komudagur 5.11.135766

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 30. október 2007

Efni: Umsögn Neytendasamtakanna um frumvarp til laga um fyrningu kröfuréttinda

Neytendasamtökin þakka fyrir tækifærið til að koma að athugasemdum við frumvarpið. Það ber að fagna nýju frumvarpi til laga um fyrningu kröfuréttinda sem verður til þess að færa reglurnar nær nútímanum og gera þær gagnsærri og skiljanlegri almenningi. Hér á eftir fylgja athugasemdir við nokkrar greinar frumvarpsdraganna. Að mestu er um að ræða ítrekun á umsögn samtakanna frá 20. október 2006, en því miður virðist lítið tillit hafa verið tekið til athugasemda er þá voru settar fram.

Um 2. mgr. 1. gr.

Í 2. mgr. 1. gr. kemur fram að samningur um að krafa fyrnist ekki sé ógildur. Í athugasemdum með greininni er tekið fram að aftur á móti sé ekki lagt til að hömlur verði settar við því að samið verði um styttri eða lengri fyrningarfrest.

Gjafabréf og inneignarnótur eru talsvert algeng í nútímaviðskiptum og fyrnast slíkar kröfur á fjórum árum sé ekki annað tekið fram. Það er hins vegar mjög algengt að gildistími sé styttrur verulega með áletrun á gjafabréfið eða inneignarnótuna og má segja að slíkt jafngildi samningi um styttri fyrningarfrest. Um mjög skamman gildistíma getur verið að ræða, allt niður í 3 mánuði. Neytendasamtökunum berast árlega mikill fjöldi fyrirspurna um inneignarnótur og gjafabréf. Það er til marks um það hversu mjög þessi mál brenna á neytendum að síðustu ár hefur þessi málaflokkur verið ofarlega á blaði þegar fjöldi fyrirspurna er mældur. Mikillar óánægju gætir vegna stutts gildistíma og má sem dæmi nefna fjölda tilvika þar sem fólk hefur fengið mörg gjafabréf í afmælisgjöf t.d. á snyrtistofur sem öll gilda í 3 mánuði. Það gefur augaleið að erfitt er að nýta slíkt innan tilskilins frests. Þar sem verklagsreglur viðskiptaráðuneytisins eru leiðbeinandi er ekki hægt að skylda verslanir og þjónustuaðila til að fara eftir þeim. Oft er því um tapað fé að ræða fyrir neytandann.

Með tilliti til stærðar vandamálsins og slakrar samningsstöðu neytandans er ástæða til að hvetja til þess að þetta tækifæri verði nýtt til þess að leiðrétta stöðu neytenda að þessu leyti.

Um 7. gr.

Í 7. gr. og athugasemdum með henni kemur fram að lengd fyrningarfrests ábyrgðarskuldbindingar sé sá sami og aðalkröfunnar. Ef aðalkrafa fyrnist á 10 árum gildir það sama um ábyrgðarskuldbindingu vegna hennar. Þetta er því breyting frá gildandi lögum þar sem gert er ráð fyrir að ábyrgðarskuldbindingar fyrnist á 4 árum en þó gilda ákveðnar sérreglur er varða ábyrgð á kröfum sem fyrnast á 10 eða 20 árum. Sérreglur gildandi fyrningalaga eru nokkuð flóknar og því erfitt að átta sig á því hvort breytingarnar sem lagðar eru til máli fyrir um lengingu á fyrningarfresti ábyrgðarskuldbindingar í einhverjum tilvikum.

Sé raunin sú að verið er að auka byrgðar ábyrgðarmanna með lengri fyrningarfresti er rétt að vekja athygli á að nóg er lagt á ábyrgðarmenn nú þegar. Ábyrgðir á lánum eru mjög mikið notaðar á Íslandi en samt sem áður eru litlar sem engar lagareglur til um notkun ábyrgða. Kerfið býður upp á mikla hættu á að lántaki beiti vini og ættingja þrýstingi til að fá ábyrgð á láni. Sjálfskuldarábyrgðaraðili ber fulla ábyrgð á skuldinni með aðalskuldara en er samt sem áður í mjög erfiðri samningsstöðu við fjármálafyrirtækið þegar kemur að vanskilum skuldara. Það er því full ástæða til að vernda ábyrgðamenn eftir því sem frekast er kostur. Með undirritun samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga frá árinu 1998, sem var endurnýjað árið 2001, var viðurkennt af hálfu stjórnvalda, fjármálafyrirtækja og Neytendasamtakanna gildi þeirrar stefnu að draga úr vægi ábyrgða einstaklinga og að lánveitingar verði miðaðar við greiðslugetu greiðanda og eigin tryggingar hans. Það þykir því skjóta nokkuð skökku við ef raunin er sú að verið sé að lengja fyrningarfrest á ábyrgðarskuldbindingum í einhverjum tilvikum.

Um 9. gr.

Í 9. gr. er mælt fyrir um styttingu á fyrningu skaðbótakrafna úr 10 árum í 4 ár en miðað er við annað tímamark að því er varðar upphafstíma fyrningar, þ.e. 4 ár frá þeim tíma sem tjónþoli fékk nauðsynlegar upplýsingar eða bar að afla sér þær um tjónið og þann sem ábyrgð ber á því.

Jafnvel þótt í sumum tilvikum, eins og þegar erfitt er að afla upplýsinga um umfang tjóns, geti reglan verið til bóta fyrir tjónþola þarf að skoða vel hvort þessi breyting geti skert hagsmuni tjónþola að ósekju í einhverjum tilvikum. Það verður að hafa í huga að fólk sem orðið hefur fyrir líkamstjóni hefur í sumum tilvikum takmarkaða burði til að sækja kröfur sínar. Af þeim sökum eru rök til þess að hafa rúmt svigrúm fyrir tjónþola að því er tímatakmörk varðar og rétt að velta því fyrir sér hvort 4 ár sé of stuttur tími.

Það er alkunna að skaðabótamál vegna líkamstjóns eru mál sem taka gífurlegan tíma. Bíða verður eftir að heilsufar tjónþola verði stöðugt sem getur tekið langan tíma en fram að því er ekki ljóst hvert er raunverulegt tjón hans. Upphafstími fyrningar skv. þeirri reglu sem lögð er til með frumvarpsdrögunum getur ekki talist frá fyrra tímamarki en því þegar heilsufar tjónþola er orðið stöðugt enda getur ekki verið að tjónþoli teljist eiga möguleika á að afla sér upplýsinga um tjónið fyrr en í fyrsta lagi við það mark. Því miður eru litlar skýringar að finna í athugasemdum frumvarpsdraganna. Þessi upphafstími er eitthvað sem líklegt er að reyni mikið á og því gríðarlega mikilvægt að sem mestri óvissu sé eytt með góðum skýringum. Leggja


Neytendasamtökin til að aukið verði við skýringar frumvarpsins að því er þetta atriði varðar enda um að ræða stóra breytingu á aldargamalli reglu.

Þá telja samtökin uppsetningu og framsetningu 9. gr. fremur óskýra og t.a.m. erfitt að átta sig á hvaða efnisreglur felast í a-lið 2. mgr.

Um 16. gr.

Í 1. mgr. 2. mgr. 16. gr. kemur fram að fyrningu sé slitið þegar kröfuhafi leggur kröfur sínar fyrir kæru- eða umkvörtunarnefndir, sem eru settar á fót af skuldara eða starfsgreinasamtökum sem hann á aðild að eða með þátttöku þeirra. Neytendasamtökin telja ljóst að þær úrskurðarnefndir sem samtökin hafa stofnað til með ýmsum aðilum atvinnulífsins falla undir þessa grein og því rjúfi kvörtun til nefndanna fyrningarfrest. Hins vegar virðist ekki ætlast til að kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa falli undir 2. mgr. 16. gr. þar sem stofnað er til nefndarinnar með lögum og ekki liggur alltaf fyrir samþykki skuldara. Þá fellur nefndin ekki undir 1. mgr. þar sem ekki er um að ræða stjórnvald með ákvörðunarvald heldur álitsgefandi nefnd. Engin rök eru til að annað eigi við um þessa nefnd en aðrar úrskurðarnefndir og telja samtökin því að málskot til nefndarinnar ætti að rjúfa fyrningu. Einnig er nauðsynlegt að sáttameðferð sýslumanna skv. 2. ml. 1. mgr. 107. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála falli undir 16. gr.

Virðingarfyllst,
f.h. Neytendasamtakanna,


Hildigunnur Hafsteinsdóttir